

Akraneskaupstaður
B.t. Regínu Ástvaldsdóttur, bæjarstjóra
Stíllholti 16-18
300 Akranes



Akranesi 17. október 2016

Efni: Framkvæmdáætlun 2017-2020, svar frá Íþróttabandalagi Akraness (1609061 SDA)

Vísað er til erindis frá Akraneskaupstað frá 13. september sl. þar sem óskað er eftir samstarfi við Íþróttabandalag Akraness (ÍA) um forgangsröðun verkefna sem gagnast aðildarfélögum íþróttabandalagsins.

Við afgreiðslu erindisins kallaði framkvæmdarstjórn ÍA eftir afstöðu allra aðildarfélaga ÍA og fylgja upplýsingar frá Aðalstjórnarfundum ÍA með þessu bréfi.

Íþróttabandalag Akraness tekur mið af skýrslu starfshóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akranesi frá árinu 2010 ásamt því að horfa til bókunar á 1000. bæjarstjórnarfundum Bæjarstjórnar Akraness.

Á 1000. bæjarstjórnarfundinum var samþykkt að byggja nýja innisundlaug á Jaðarsbökkum. Hönnunarvinnu og undirbúningi fyrir bygginguna var lokið árið 2008 og voru gögn vegna útboðs tilbúin á þeim tíma en vegna óvissuástands í landinu á þeim tíma var ákveðið að fresta þeirri framkvæmd.

Í skýrslu starfshóps um uppbyggingu íþróttamannvirkja frá árinu 2010 kemur fram að leggja skuli áherslu á byggingu nýs fimleikahúss í tengslum við væntanlega byggingu nýs skóla í Skógahverfi, gera nýja innisundlaug og reisa tengibyggingu að Jaðarsbökkum með metnaðarfullu útisvæði fyrir almenning.

Tillögur Íþróttabandalags Akraness eru þessar:

- Greint verði á milli nauðsynlegs viðhalds og nýframkvæmda
- Horft verði til lengri framtíðar og framkvæmt af metnaði skv. samþykktri áætlun.
- Nýframkvæmdir tengdar íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar verði á Jaðarsbökkum
- Horft verði til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur verið fjárfest í til að skipuleggja og hanna íþróttamannvirki á Jaðarsbakkasvæðinu

Gríðarleg viðhaldspörf er á öllum íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar og m.a. er gervigrasið í Akraneshöll ónýtt.

Hér á eftir eru tilgreindar helstu nýframkvæmdir en ÍA getur ekki forgangsraðað þeim enda liggur ekki fyrir hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar hjá Akraneskaupstað.

Bygging nýs fimleikahúss

Fimleikafélagið getur ekki bætt við sig fleiri iðkendum og núverandi aðstaða er óviðunandi til æfinga og keppni og er hluti húsnæðisins m.a. á undanþágu hjá heilbrigðiseftirliti. Sé rétt að byggingu fimleikahúss staðið, getur slík bygging nýst fleiri félögum, s.s. klifurfélaginu og til íþróttakennslu. Bygging fimleikahúss myndi einnig losa um tíma í íþróttahúsinu við Vesturgötu fyrir önnur félög, s.s. körfuknattleik og badminton.

Bygging nýrrar sundlaugar

Hönnun á sundlaug frá árinu 2008 var mjög metnaðarfull. Í henni var mikil áhersla lögð á bættu aðstöðu til sundkennslu fyrir bæði grunnskólana og yngsta aldurshópsinn hjá Sundfélaginu ásamt því að mjög góð aðstaða var til æfinga og keppni. Þar var gott aðgengi fyrir einstaklinga með fötlun og hugað að þörfum aldraðra og ungabarna. Sú framkvæmd myndi því nýtast mörgum hópum auk þess sem að rýmra yrði bæði í Bjarnalaug og núverandi sundlaug að Jaðarsbökkum.

Bygging félagsaðstöðu fyrir Golfklúbbinn Leyni

Núverandi húsnæði uppfyllir ekki nútíma kröfur fyrir veitingasölu og mótahald og mun því ekki geta haldið stærri mót á næstu árum. Að auki er ekki nein búningaástaða fyrir iðkendur. Leynir hefur áhuga á að fara í slíka framkvæmd sem fyrst og gera þá rekstararsamning við Akraneskaupstað. Ákveðnir möguleikar eru í samnýtingu með öðrum íþróttagreinum, t.d. gæti keilusalur fallið vel að starfsseminni.

Bygging reiðhalla á svæði Hestamannafélagsins Dreyra

Dreyri er eitt af fáum félögum í landinu sem ekki getur boðið sínum iðkendum uppá innanhúsaðstöðu og getur þar af leiðandi ekki boðið uppá námskeið innanhúss. Á meðan svo er, er ekki forsenda fyrir því að byggja upp öflugt barna og unglíngastarf auk þess að vera ekki samkeppnishæf á afrekssviðinu. Daglegur rekstur reiðhalla yrði í höndum Dreyra.

Tengibygging og fimleikahús að Jaðarsbökkum

Ef hort er til frumhönnunar frá árinu 2008 þá var gert ráð fyrir þriggja hæða byggingu milli íþróttamiðstöðvarinna og Akraneshallarinnar. Á fyrstu hæðinni var gert ráð fyrir búningasklefum fyrir knattspyrnuíðkendur. Önnur hæðin var hugsuð fyrir fimleikahús og þriðja hæð fyrir félagsaðstöðu fyrir ÍA ásamt þreksal. Bygging slíks húss myndi leysa úr þörfum KFÍA fyrir búningaaðstöðu og geymslur, þörfum FIMA fyrir fimleikahús og almennings fyrir þrekaðstöðu.

Framkvæmdastjórn ÍA lýsir yfir vilja til þess að koma áfram að þessari vinnu og hvetur bæjaryfirvöld til að fjárfesta í íþróttamannvirkjum til heilla fyrir íbúa og bæjarfélag.

Virðingafyllst, f.h. framkvæmdastjórnar ÍA

Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, formaður ÍA

Helstu áherslupunktur forráðamanna aðildarfélaga ÍA varðandi aðstöðu

Keilufélag Akraness

- Getur ekki tekið við fleiri iðkendum
- Mjög lágt til lofts
- Ekki aðstaða til að halda mót á Akranesi

Golfklúbburinn Leynir

- Öll leyfi varðandi veitingasölu eru að renna út
- Húsnæði er ekki músahelt
- Að öllu óbreyttu fær klúbburinn líklega ekki að halda mótarið eins og Eimskipsmótariðina og fleiri stórmót sökum aðstöðuleysis
- Klúbburinn er til í samstarf við önnur félög varðandi uppbyggingu og samnýtingu húsnæðis

UMF Skipaskagi

- Horfa til aðstöðu til iðkunnar frjálsra íþróttar
- Þar þarf að huga m.a. að hlaupabraut og svæðis til að stunda kast- og hlaupagreinir

Fimleikafélag Akraness

- Fimleikafélagið getur ekki bætt við sig iðkendum
- Byggja þarf nýtt húsnæði fyrir fimleika sem gæti einnig nýst öðrum félögum t.d. klifurfélagi
- Afreksfólk verður að leita í önnur félög vegna aðstöðuleysis hér
- Á Dalbrautinni eru raka- og lekaskemmdir sem hefur áhrif á dýnur og tækjakost félagsins
- Of lágt til lofts til að stunda almennilegar stökkæfingar
- Skoða þarf annað húsnæði til bráðabigða

Knattspyrnufélagið Kári

- Viðhald á gervigrasi í Akraneshöll
- Vantar geymslur til að geyma bolta og búninga félagsins

Körfuknattleiksfélagið

- Sátt við keppnaðstöðu í íþróttahúsinu við Vesturgötu
- Bygging fimleikahúss myndi losa um tíma og rými í húsinu við Vesturgötu

Badmintonfélag Akaness

- Sátt við aðstöðu í íþróttahúsinu við Vesturgötu
- Bygging fimleikahúss myndi losa um tíma og rými í húsinu við Vesturgötu

Knattspyrnufélag Akraness

- Nauðsynlegt er að endurnýja gervigras í Akraneshöll
- Eitt svæði eftir í endurnýjun útisvæðis
- Laga ákveðin atriði í umgjörð aðalvallar til að fá að taka þátt í keppni í efstu deild KSÍ ásamt því að fá að halda landsleiki og taka þátt í Evrópukeppni
- Núverandi búningaástaða allt of lítil
- Fyrirhuguð tengibygging myndi leysa fjölmörg vandamál hjá knattspyrnufélaginu og öðrum félögum
- Nauðsynlegt að fá geymslur og svokölluð fráleggsvæði og lokuð rými í Akraneshöllinni

- Ósk um að fá gervigras á aðalvöllinn

Karatefélag Akraness

- Félagið er sátt með sína aðstöðu í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu
- Æskilegt að fá eina góða geymslu fyrir búnað félagsins
- Hægt væri að samnýta ákveðna hluti og rými betur með öðrum félögum á Vesturgötunni

Hestamannafélagið Dreyri

- Vantar innanhússaðstöðu
- Geta ekki byggt upp barna- og unglíngastarf án inniaðstöðu
- Rekstur á reiðhöll yrði í höndum Dreyra

Sundfélag Akraness

- Til eru fullbúnar teikningar af sundlaug sem byggja átti að Jaðarsbökkum
- Bygging nýrrar sundlaugar nýtist mörgum þar á meðal almenningi, nemendum grunnskólanna og eldri borgurum
- Þröngt er í laugum bæjarins og bæði þröngt að sundmönnum og almenningi
- Um 25 æfingar falla niður ár hvert vegna veðurs og kulda á vatni laugarinnar
- Biðlistar eru í nokkra hópa hjá Sundfélaginu
- Félagið fær væntanlega ekki að halda stórmót hér aftur sökum aðstöðuleysis

Klifurfélag Akraness

- Félagið getur ekki bætt við sig iðkendum
- Venjuleg hæð klifurveggjar er 5-7m en lofthæðin í kjallarnum er aðeins 3m
- Klifurfélagið er alveg til í samstarf við önnur félög um aðstöðu
- Ekki er hægt að halda mót nema innanfélagsmót. Veggurinn nær ekki almennri keppnishæð og plássleysi hamlar framkvæmd móta
- Salernisaðstöðu vantar

Skotfélag Akraness

- Hefur áhuga á því að komast í betra húsnæði, jafnvel í samvinnu eða tengslum við framkvæmdir hjá öðrum félögum

Hnefaleikafélag Akraness

- Töluverður leki er á a.m.k 3 stöðum í aðstöðunni
- Fá parket á gólf í stað teppis þegar búið er að koma í veg fyrir lekann
- Salernisaðstöðu vantar
- Ytra byrði þarfnast viðhalds

Þjótur

- Huga skal að aðstöðu fatlaðra í íþróttamannvirkjum bæjarins